

Atli Harðarson

Umræðan um brottfallið úr framhaldsskólum

Þegar rætt er um íslenska framhaldsskóla er oft litið til þess að fremur lágt hlutfall landsmanna hefur lokið burtfararprófi og þetta lága hlutfall tengt við brottfall úr skólunum og meinta ágalla þeirra. (Samkvæmt Education at a Glance 2010, sem OECD gaf nýlega út, höfðu 64% Íslendinga á aldrinum 25 til 64 ára lokið framhaldsskólanámi árið 2008. Meðaltal fyrir OECD lönd var 71% og 72% fyrir ríki ESB.)

Í því sem hér fer á eftir bendi ég á tvær ástæður til að ætla að þessi umræða sé á villigötum. Önnur er að gögn frá Hagstofu Íslands og OECD sýna að skólaganga íslenskra ungmenna er svipuð og gerist og gengur í öðrum löndum. Hin er að sum einkenni íslenskra framhaldsskóla, sem valda því að heldur færri en fleiri útskrifast snemma á ævinni, eru kostir en ekki gallar.

Skýringar utan skólakerfisins

Þegar leitað er skýringa á því að lægra hlutfall hefur lokið framhaldsskólamenntun hér á landi en í öðrum löndum er rétt að staldra við tvö einkenni á íslensku samfélagi. Annað er að hér hefur fram undir þetta verið mannekla og fremur auðvelt að fá starf án þess að hafa lokið formlegu námi. Þetta hefur átt sinn þátt í að margir hafa kosið að fara að vinna áður en þeir hafa náð að útskrifast úr skóla. Hitt er að nútíminn kom seint til Íslands og því mótuðust margir núlifandi Íslendingar af viðhorfum uppalenda sem álitu að bókvitið yrði ekki í askana látið.


Það segir sig nánast sjálft að unglingar hætta síður í skóla ef foreldrar þeirra hafa langa skólagöngu að baki. Með hverri nýrri kynslóð þokumst við fjær gamla landbúnaðar- og veiðimannasamfélaginu og verðum líkari íbúum ríkja sem hafa lengi búið við borgarmenningu. Fyrir vikið fjölgar þeim sem ljúka formlegri menntun umfram skyldunám. Raunar bendir margt til að ungir Íslendingar séu þegar orðnir eins og jafnaldrar þeirra í öðrum Evrópulöndum hvað þetta varðar.

Sókn í menntun hér á landi er orðin meiri en að meðaltali í OECD löndum

Á línuritinu, sem byggt er á tölum á vef Hagstofu, sýnir efri ferillinn fjölda útskrifta úr framhaldsskólum sem hlutfall af meðalstærð árganga á aldrinum 18 til 22 ára. Undanfarin ár hefur þetta hlutfall verið vel yfir 100%. Að nokkru er þetta vegna þess að sumir nemendur útskrifast tvisvar og að nokkru vegna þess að skólakerfið útskrifar talsvert af eldri nemendum.

Neðri ferillinn sýnir hlutfall þeirra sem luku stúdentsprófi eða prófi til starfsréttinda og þar er væntanlega lítið um að nemendur séu tvítaldir. Síðan 2002 hefur þetta hlutfall verið um og yfir 90%. Ef fjöldi brautskráðra verður áfram líkur því sem verið hefur undanfarin ár fer varla hjá því að hlutfall fólks með lokapróf úr framhaldsskóla verði brátt álíka og í nágrannalöndum.

Fjöldi útskrifta úr framhaldsskólum sem hlutfall af meðalstærð árganga á aldrinum 18 til 22 ára.



Samkvæmt gögnum OECD fóru brautskráðir á ári hverju úr íslenskum skólum, sem hlutfall af fjölda í árgöngum, yfir meðaltal OECD landa árið 2002. Frá 2002 til 2008 héldust Íslendingar yfir þessu meðaltali öll árin nema 2005 þegar þeir voru 1% undir. Samkvæmt sömu heimildum voru 84% íslendinga á aldrinum 15 til 19 ára í skóla árið 2008 og er það hærra hlutfall en meðaltal allra OECD landa sem var 82%. Sé litið á aldurshópinn milli 20 og 29 ára voru 35% hans við nám hér á landi á árinu 2008 sem er mun hærra hlutfall en að meðaltali í OECD löndum þar sem það var 25%.

Tvö einkenni á íslenskum framhaldsskólum sem kunna að valda seinkun á brautskráningu

Íslenskir framhaldsskólar útskrifa að jafnaði þá eina sem ljúka prófum með einkunn 5 eða hærri. Í sumum nágrannalöndum okkar, eins og til dæmis í Noregi og Svíþjóð, fara framhaldsskólar að líkt og grunnskólar gera hér á landi, að brautskrá nemendur þótt þeir hafi ekki náð ákveðinni lágmarkseinkunn.

Mér þykir trúlegt að sá háttur sem hér er á hafður, að brautskrá þá eina sem ná tilteknum árangri í námi, stuðli að því að fleiri leggi sig fram og öðlist fyrir vikið betri menntun. Þetta ætti því að teljast kostur, fremur en galli, þótt það fækki eitthvað þeim sem ná að útskrifast snemma á lífsleiðinni.

Annað einkenni á íslenskum framhaldsskólum, sem kann að tefja fyrir útskrift allmargra, er að skólarnir eru opnir fullorðnum og þeir geta sótt nám án þess að greiða fyrir kennsluna. Í mörgum öðrum löndum greiðir hið opinbera aðeins fyrir framhaldsskólagöngu unglunga, ekki fullorðinna. Þetta hefur vafalaust áhrif á meðalaldur nemenda við brautskráningu. Fólk gerir væntanlega frekar hlé á námi, til að fara út á vinnumarkaðinn í nokkur misseri, ef það veit að það getur hvenær sem er komið aftur í skóla, án þess að slíkri frestun fylgi viðbótarkostnaður.

Er umræðan um brottfall úr skólum ef til vill eitt tilbrigði við hugarórákakófóníuna sem hæst lætur og einkennist ýmist af upphrópunum um að Ísland sé best í heimi eða að hér sé allt verst í heimi? Skólasókn 15 til 19 ára unglunga getur tæpast verið neitt öllu venjulegri en hér á landi þar sem hlutfallið er svipað og víðast í Evrópu (var raunar hnífjafnt meðaltali Evrópusambandslanda árið 2007) og ögn hærra en það er að meðaltali í OECD löndum.